

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-nóvember 2011

**Greiðsluuppgjör** ríkissjóðs fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins 2011 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 70,2 ma.kr. en var neikvætt um 72,7 ma.kr. á sama tímabili 2010. Tekjur drögust saman um 12,4 ma.kr. en á sama tíma stóðu gjöldin nánast í stað. Þetta er verri niðurstaða en í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 63,1 ma.kr.

### Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-nóvember 2011 (m.kr.)

	2007	2008	2009	2010	2011
Innheimtar tekjur	389.404	392.733	367.629	411.780	399.408
Greidd gjöld	328.012	392.519	483.921	471.321	471.694
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>61.391</b>	<b>214</b>	<b>-116.291</b>	<b>-59.541</b>	<b>-72.286</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-7.841	7.088	-6.533	-13.116	2.136
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>53.550</b>	<b>7.302</b>	<b>-122.824</b>	<b>-72.657</b>	<b>-70.150</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>-67.660</b>	<b>-37.286</b>	<b>35.860</b>	<b>10.459</b>	<b>65.863</b>
<b>Hreinn lánsfjárjöfnuður</b>	<b>-11.484</b>	<b>-29.984</b>	<b>-86.964</b>	<b>-62.198</b>	<b>-4.287</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-33.828</b>	<b>-45.490</b>	<b>-99.172</b>	<b>-149.930</b>	<b>-176.387</b>
Innanlands	-22.496	-30.019	-72.823	-81.865	-88.840
Erlendis	-11.332	-15.471	-26.349	-68.065	-87.547
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-3.650</b>	<b>-3.650</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Lánsfjárjöfnuður brúttó</b>	<b>-48.961</b>	<b>-79.124</b>	<b>-186.136</b>	<b>-212.128</b>	<b>-180.674</b>
<b>Lántökur</b>	<b>63.392</b>	<b>145.286</b>	<b>172.862</b>	<b>322.979</b>	<b>276.978</b>
Innanlands	63.207	101.712	165.302	194.421	150.388
Erlendis	185	43.574	7.560	128.557	126.590
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>14.430</b>	<b>66.162</b>	<b>-13.274</b>	<b>110.851</b>	<b>96.304</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 399,3 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins og drögust saman um 3,0% miðað sama tímabil á síðasta ári. Þar munar mest um minni tekjur af sölu eigna sem námu 0,7 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 19,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra vegna Avens-samkomulagsins svonefnda. Ef litið er framhjá sölu eigna jókst innheimtanum 1,7% á milli ára. Í tekjuáætlun fjárlaga var gert ráð fyrir 395,6 ma.kr. innheimtu og er innheimta tímabilsins því tæpum 3,8 ma.kr. eða 0,9% yfir áætlun.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 2,9% á milli ára og námu alls 371,9 ma.kr. sem er 2,5% yfir áætlun fjárlaga. Þar af jukust tekjur af tekjuskatti lögaðila einna mest eða um 30,7% og námu 16,6 ma.kr. sem er 15,5% yfir áætlun. Skattar á fjármagnstekjur námu 24,0 ma.kr. sem er 2,4% lægri fjárhæð en áætlað var og drögust saman um 15,9% frá fyrra

ári. Lækkunina má að mestu rekja til endurgreiðslu fjármagnstekjuskatts vegna ofgreiddrar fyrirframgreiðslu tekjuskatts hjá lögaðilum upp á 10,4 ma.kr.<sup>1</sup> sem valda því að fjármagnstekjuskattur er nú undir áætlun eftir að hafa verið um fjórðungi yfir áætlun undanfarna mánuði. Þá jukust tekjur af tryggingagjöldum um 8,1% á milli ára og námu 60,1 ma.kr. sem er 3,1% yfir áætlun fjárlaga. Tekjur af tryggingagjöldum hafa verið yfir áætlun síðan nýir kjarasamningar á vinnumarkaði tóku gildi í sumar.

Tekjuskattur einstaklinga skilaði tekjum að fjárhæð 82,3 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er 2,3% aukning frá fyrra ári og 5,3% yfir tekjuáætlun. Samanlögð skil launagreiðenda á bæði tekjuskatti og útsvari jukust um 12,1% á milli ára en hér gætir einnig áhrifa nýlegra kjarasamninga. Tekjur af eignarsköttum námu 8,7 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 22,7% á milli ára. Þá aukningu má að mestu rekja til meiri tekna af auðlegðarskatti en hann skilaði 4,8 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 2,7 ma.kr. á sama tíma í fyrra, fyrst og fremst vegna tekna af viðbótarálagningu á hlutabréfaeign/eigið fé einstaklinga í fyrirtækjum. Tekjur af stimpilgjöldum námu 2,6 ma.kr. og jukust um 7,8% á milli ára sem er 7,5% yfir áætlun.

### **Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember 2009-2011**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>322,031</b>	<b>361,384</b>	<b>371,917</b>	<b>-9.1</b>	<b>12.2</b>	<b>2.9</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>123,673</b>	<b>121,656</b>	<b>122,909</b>	<b>-7.6</b>	<b>-1.6</b>	<b>1.0</b>
Tekjuskattur einstaklinga	74,134	80,424	82,308	-6.9	8.5	2.3
Tekjuskattur lögaðila	11,921	12,706	16,611	-47.5	6.6	30.7
Skattur á fjármagnstekjur	37,617	28,525	23,990	19.4	-24.2	-15.9
<b>Eignarskattar</b>	<b>4,367</b>	<b>7,076</b>	<b>8,678</b>	<b>-39.0</b>	<b>62.0</b>	<b>22.7</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>144,393</b>	<b>163,840</b>	<b>164,834</b>	<b>-13.3</b>	<b>13.5</b>	<b>0.6</b>
Virðisaukaskattur	98,374	109,975	106,801	-16.4	11.8	-2.9
Vörugjöld af ökutækjum	1,643	1,423	2,400	-77.4	-13.4	68.7
Vörugjöld af bensíni	10,235	10,649	11,003	25.5	4.0	3.3
Skattar á olíu	6,629	6,533	6,596	-2.1	-1.5	1.0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	12,447	13,381	13,947	14.3	7.5	4.2
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	15,066	21,879	24,088	-5.2	45.2	10.1
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>4,524</b>	<b>5,815</b>	<b>6,131</b>	<b>-17.2</b>	<b>28.6</b>	<b>5.4</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>7,196</b>	<b>7,389</b>	<b>9,275</b>	<b>104.6</b>	<b>2.7</b>	<b>25.5</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>37,879</b>	<b>55,609</b>	<b>60,089</b>	<b>0.7</b>	<b>46.8</b>	<b>8.1</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>440</b>	<b>763</b>	<b>734</b>	<b>26.6</b>	<b>73.2</b>	<b>-3.8</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>44,858</b>	<b>29,875</b>	<b>25,943</b>	<b>26.7</b>	<b>-33.4</b>	<b>-13.2</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>527</b>	<b>19,674</b>	<b>722</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>367,856</b>	<b>411,696</b>	<b>399,316</b>	<b>-6.3</b>	<b>11.9</b>	<b>-3.0</b>

<sup>1</sup> Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts hjá lögaðilum er ígildi fyrirframgreiðslu á tekjuskatti þeirra. Reynist endanleg álagning tekjuskatts lægri en staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts hjá viðkomandi lögaðila er mismunurinn endurgreiddur sem ofgreiddur fjármagnstekjuskattur.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu námu 164,8 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er 0,6% aukning á milli ára. Innheimta tímabilsins er einungis 0,7% undir tekjuáætlun fjárlaga þó svo að frávik einstakra liða frá áætlun séu umtalsverð. Þannig eru vörugjöld af innflutum ökutækjum 47,5% yfir áætlun á meðan flestir aðrir liðir veltuskatta eru nokkuð undir áætlun. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals nemur uppsöfnuð hækkun tímabilsins 9,4% umfram verðlagsbreytingar (sjá mynd). Vísitala neysluverðs án húsnæðis er notuð við þessa útreikninga.

**Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,  
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttáð skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkanir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Tekjur af virðisaukaskatti, sem er stærsti einstaki liður veltuskatta, voru aðeins 0,3% undir áætlun og námu alls 106,8 ma.kr. á tímabilinu.<sup>2</sup> Innheimta virðisaukaskatts dróst saman um 2,9% að nafnvirði á milli ára. Aðrir veigamiklir liðir meðal óbeinna gjalda eru vörugjöld af ökutækjum, bensíni og olíu, áfengisgjöld, tóbaksgjöld og bifreiðagjöld. Af þessum liðum jukust vörugjöld af ökutækjum mest á milli ára eða um 68,7% enda hefur innflutningur bifreiða aukist verulega á árinu. Vörugjöld af bensíni og olíu námu samtals 17,0 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins og hafa þar með aukist lítillega á milli ára. Þar af nema tekjur af olíu 6,0 ma.kr. og af bensíni 11,0 ma.kr. Vörugjöld af bensíni voru 2,4% undir áætlun og tekjur af olíugjaldi 5,2% undir áætlun.

<sup>2</sup> Athygli er vakin á því að tekjur upp á 5,8 ma.kr. af virðisaukaskatti eru taldar með í þessum töluum þrátt fyrir að eiginleg innheimta þeirrar fjárhæðar komi ekki til fyrr en í desember vegna greiðslufrestunarheimilda. Þannig eru frávik frá áætlun í mánaðaruppgjörinu hærri sem nemur þessari fjárhæð heldur en lýst er í greinargerð þessari. Þetta mun þó jafnast út í desember og hefur ekki áhrif á heildartekjur yfir árið.

Tekjur af tóbaksgjaldi námu 4,6 ma.kr. á tímabilinu sem er 9,9% aukning á milli ára og 1,3% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Með hliðsjón af töluum yfir tóbakssölu sést að heildarskattstofn tóbaksgjalds hefur dregist nokkuð saman á árinu en til að mynda hefur magn selds reyktóbaks dregist saman um 6,8%, magn vindla um 6,9% og magn vindlinga um 5,1%. Sala neftóbaks hefur aftur á móti aukist umtalsvert eða um 13% í kílóum talið á milli ára. Tekjur af áfengisgjaldi námu 9,3 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins sem er 1,6% aukning á milli ára og 3,2% undir tekjuáætlun. Tölur yfir áfengissölu benda til þess að skattstofn áfengisgjalds hafi dregist saman um 2,6% á milli ára.

Fjárframlög námu 0,7 ma.kr. á tímabilinu og eru þar með tæpum 6 ma.kr. undir áætlun. Það frávik skýrist alfarið af því að ekki náðist að fjármagna sérstaka vaxtaniðurgreiðslu til einstaklinga, samtals 6 ma.kr., eins og reiknað var með í forsendum fjárlaga. Í nóvember greiddu þó fjármálfyrirtæki rúman einn milljarð kr. í svokallaða viðbót við sérstakan skatt á fjármálfyrirtæki, sbr. lög nr. 155/2010, sem hluta af fjármögnun þessari.

**Greidd gjöld** námu 471,7 ma.kr. og jukust um 373 m.kr. milli ára, eða um 0,1%. Greidd gjöld voru yfir fjárhheimildum tímabilsins sem nam 7,2 ma.kr. eða 1,6%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs drögust saman um 4 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 741 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um tæpan 1 ma.kr. milli ára en voru 805 m.kr. innan fjárhheimilda. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála voru 8 ma.kr. hærri en á sama tímabili 2010. Þau voru jafnframt 10,3 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld vegna Lífeyristrygginga jukust um 10,3 ma.kr. milli ára og voru jafnframt um 8,3 ma.kr. umfram heimildir. Þá jukust bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 1,6 ma.kr. milli ára. Greiddar vaxtabætur voru 7,2 ma.kr. hærri en á fyrra ári sem skýrist að mestu með sérstakri vaxtaniðurgreiðslu að upphæð rúmlega 6 ma.kr. Á móti drögust útgjöld saman um 8,8 ma.kr. milli ára vegna flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þá voru greiddar barnabætur 1,9 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 1,1 ma.kr. lægri.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 2,4 ma.kr. milli ára og voru 3,7 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala jukust um 907 m.kr. milli ára og voru 2,5 ma.kr. umfram heimildir ársins sem skýrist með uppsöfnuðum rekstrarhalla frá fyrrri árum sem dregst frá heimildum ársins. Þá jukust útgjöld vegna Sjúkratrygginga um 783 m.kr. milli ára og voru 2,8 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála drögust saman milli ára um 3,5 ma.kr. og voru jafnframt 4,2 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Þar vegur þyngst að ýmsar framkvæmdir hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir. Til dæmis dragast útgjöld Vegagerðarinnar saman um 4,8 ma.kr. milli ára og eru jafnframt 416 m.kr. innan heimilda. Þá dragast útgjöld vegna hafnarframkvæmda saman um 779 m.kr. á milli ára. Útgjöld til menntamála voru 1,3 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru jafnframt 821 m.kr. innan fjárhheimilda tímabilsins. Útgjöld Lánaþjóðs íslenskra námsmanna drögust saman um 1,4 ma.kr. á milli ára en voru í takt við heimildir. Útgjöld Háskóla Íslands jukust lítillega á milli ára en voru 696 m.kr. innan heimilda á fyrstu 11 mánuðum ársins.

Útgjöld til menningar-, íþróttar- og trúrmála voru 109 m.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru 893 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,5 ma.kr. milli ára á milli ára en voru 396 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld Ofanflóðasjóðs eru 907 m.kr. innan heimilda en aukast um 502 m.kr. milli ára. Útgjöld sérstaks saksóknara aukast um 312 m.kr. þrátt fyrir að vera 366 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til umhverfisverndar jukust lítillega milli ára eða um 183 m.kr. og voru 190 m.kr. umfram áætlanir. Útgjöld til Varnarmála drögust saman um 98 m.kr. milli ára en voru 44 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drögust saman um 254 m.kr. milli ára og voru 305 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Óregluleg útgjöld drögust saman um 3,4 ma.kr. milli ára en voru 1,2 ma.kr. yfir fjárheimildum. Þessi samdráttur milli ára skýrist að mestu með útgjöldum vegna Ríkisábyrgða sem námu 3,1 ma.kr. í fyrra og voru gjaldfærðar þarna en flokkast nú með vaxtagjöldum. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 721 m.kr. umfram fjárheimildir og greiddur fjármagnstekjkattur ríkissjóðs 429 m.kr. hærri en heimildir gerðu ráð fyrir.

### **Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember 2009-2011**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2009	2010	2011	2010	2011
Almenn opinber þjónusta	99,018	103,113	100,037	4.1	-3.0
Þar af vaxtagreiðslur	59,334	62,020	57,996	4.5	-6.5
Varnarmál	1,401	1,319	1,221	-5.9	-7.4
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	19,392	16,293	17,833	-16.0	9.5
Efnahags- og atvinnumál	60,733	53,779	50,261	-11.5	-6.5
Umhverfisvernd	4,016	4,131	4,314	2.9	4.4
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	585	590	336	0.9	-43.0
Heilbrigðismál	104,573	101,524	103,926	-2.9	2.4
Menningar-, íþróttar- og trúrmál	16,921	14,559	14,450	-14.0	-0.8
Menntamál	41,640	43,759	42,412	5.1	-3.1
Almannatryggingar og velferðarmál	121,554	118,824	126,831	-2.2	6.7
Óregluleg útgjöld	14,087	13,431	10,072	-4.7	-25.0
<b>Gjöld alls</b>	<b>483,921</b>	<b>471,321</b>	<b>471,694</b>	<b>-2.6</b>	<b>0.1</b>

**Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs.** Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 4,3 ma.kr. sem er 57,9 ma.kr. betri staða en á sama tíma í fyrra. Aðallega er um að ræða 58,5 ma.kr. lækkun á veittu gjaldeyrisforðaláni til Seðlabankans eftir að ríkissjóður keypti í maí upp samsvarandi skuldir vegna láns á gjalddaga síðar á þessu ári og uppgreiðslu gjaldeyrisforðaláns að fjárhæð 10,9 ma.kr. í september sl. sem ríkissjóður veitti Seðlabanka 2008.

Afborganir af lánum ríkissjóðs fyrstu 11 mánuði ársins námu 176,4 ma.kr. Aforganir innlendra skulda námu 88,8 ma.kr. Aðallega er um að ræða flokk ríkisbréfa á gjalddaga í júli

að fjárhæð 53,4 ma.kr. og innlausn óverðtryggðra ríkisbréfa að fjárhæð 32,5 ma.kr. vegna skipta Íbúðalánasjóðs á óverðtryggðum ríkisbréfum fyrir verðtryggð skv. tilkynningu Lánamála ríkisins þar um 7. nóvember sl. Afborganir erlendra skulda námu tæplega 87,5 ma.kr. Aðallega er um að ræða uppkauð ríkissjóðs í maí sl. fyrir 65,6 ma.kr. og uppgreiðslu á gjaldeyrisforðaláni í september sl. sem tekið var 2008 að fjárhæð 12 ma.kr.

Lántökur námu tæpum 277 ma.kr. í lok nóvember. Innlendar lántökur námu 150,4 ma.kr. Gefin hafa verið út ríkisverðbréf fyrir 163,8 milljarða, þar af voru gefin út verðtryggð ríkisbréf fyrir um 32,5 ma.kr. vegna áðurnefndra skipta Íbúðalánasjóðs á ríkisbréfum. Á móti lækkaði stofn ríkisvíxla um 13,4 milljarða. Erlendar lántökur námu rúmum 126,6 ma.kr. Í júní gaf ríkissjóður út á erlendum mörkuðum skuldabréf að fjárhæð 1 ma.USD, að jafnvirði 116,3 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga nam 10,3 ma.kr. í lok nóvember.